

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0022
BK/LA/SS/ELS

Efni: Áhrif Vatnsdalsvirkjunar á Friðland í Vatnsfirði.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 12. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Orkubús Vestfjarða og greinargerð um áhrif Vatnsdalsvirkjunar á Friðland í Vatnsfirði.

Í erindinu er óskað eftir því að ráðherra hlutist til um það að breyta reglum um friðlandið í Vatnsfirði þannig að heimilt sé að veita leyfi til virkjunar vatnasvæðis friðlandsins til að reisa og reka raforkuver innan þess.

Í 1. mgr. 44. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, kemur fram að afnám friðlýsingar eða breyting sem felur í sér að dregið sé úr vernd viðkomandi náttúruminja sé aðeins heimil ef

- verndargildi minjanna eða svæðisins hefur rýrnað svo að forsendur eru ekki lengur fyrir friðlýsingunni eða
- ef mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

Í 2. mgr. 44. gr. segir að ráðherra taki ákvörðun um afnám eða breytingu friðlýsingar en áður skal liggja fyrir mat á áhrifum hennar.

Við mat skv. b-lið 1. mgr. skal leggja áherslu á þýðingu friðlýsts svæðis í neti verndarsvæða og hvort unnt er að stofna samsvarandi verndarsvæði annars staðar. Einnig skal taka mið af skuldbindingum Íslands samkvæmt alþjóðasamningum. Í samræmi við 2. mgr. 44. gr. óskaði ráðuneytið eftir því að Orkubú Vestfjarða myndi leggja fram greinargerð þar sem fram kæmi mat á áhrifum þess að breyta friðlýsingarskilmálum Vatnsfjarðarfriðlandsins á þann veg að heimilt verði að reisa vatnsaflsvirkjun innan svæðisins sem barst ráðuneytinu 9. október sl.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér erindi og greinargerð Orkubús Vestfjarða og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Að mati Náttúrufræðistofnunar gefur greinargerð Orkubús Vestfjarða upp raunsæja mynd af áhrifunum og ljóst er að þau myndu verða umtalsverð og fjölbreytt og eiga við um ólíka náttúrufræðisþætti s.s. lífríki, jarðminjar, vatnafar, óbyggð víðerni og landslag. Þá myndi framkvæmd og rekstur Vatnsdalsvirkjunar gjörbreyta ásýnd og eðli svæðisins. Verndargildi svæðisins myndi skerðast töluvert.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að til að svara erindi Orkubús Vestfjarðar þurfi fyrst og fremst að horfa til laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) og meta þær forsendur sem heimila afnám friðlýsinga, en þær eru eftirfarandi.



Í fyrsta lagi að verndargildi minjanna eða svæðisins hafi rýrnað svo að forsendur eru ekki lengur fyrir friðlýsingunni

Í stuttu máli þá er það mat Náttúrufræðistofnunar að verndargildi náttúruminja í Friðlandi Vatnsfjarðar hafi ekki minnkað frá því að friðlýsingin tók gildi heldur þvert á móti aukist í ljósi betri þekkingar um svæðið. Náttúrufræðistofnun tók saman í febrúar árið 2021 mat á verndargildi náttúruminja vegna áforma um friðlýsingu þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum (https://www.ni.is/sites/default/files/atoms/files/aform_um_fridlyssingu_thjodgards_a_sunnanverdum_vestfjordum.pdf). Friðlandið Vatnsfjörður og nánasta umhverfi þess var staðsett innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs. Þrátt fyrir að almennt þurfi að bæta grunnrannsóknir og kortlagningu á náttúruminum innan svæðisins þá hefur þekking um svæðið aukist með árunum m.a. um gróðurfar, útbreiðslu vistgerða, víðerni o.fl. og er vísinda- og verndargildi metið hátt.

Friðlandið samanstendur af fallegrri landslagsheild. Líkt og nafnið ber með sér, þá er það ekki síst vatnið í þessum óvenju breiða dal sem setur svip sinn á umhverfið og er einstakt fyrir landshlutann. Leirurnar við Vatnsfjörð eru alþjóðlega mikilvægur áningarstaður vaðfugla t.d. rauðbrystings. Virkjanaframkvæmdir ofan við Vatnsfjörð myndu orsaka margskonar breytingar og rask sem ógnar náttúruminum eins og skýrt kemur fram í greinargerð Orkubús Vestfjarða þar sem fjallað er um þær náttúruminjar sem yrðu fyrir raski. Breytingar á vatnasviði eða vatnsstreymi í Vatnsfjörð geta ógnað lífríki friðlandsins sem stangast á við markmið 2. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Jarðminjar sem í dag eru lítt kannaðar, t.d. jarðgrunnur, verða fyrir varanlegu raski og svæði óbyggð víðernis við Glámu mun skerðast enn frekar. Skýr ákvæði eru í e-lið 3. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) um „að standa vörð um óbyggð víðerni landsins“ og á það alltaf við þegar nýjar framkvæmdir eru skipulagðar, án tillits til annara verndarákvæða. Víðerni á Íslandi er mikilvægt að vernda þar sem þeim fer fækkandi vegna athafna mannsins og þau eru í dag fágæt í Evrópu. Landslag friðlandsins mun breytast verulega með tilkomu virkjunar, þ.e. úr því að vera náttúrulegt landslag yfir í manngerða ásýnd með nýjum vegum, byggingum og línulögnum.

Í greinargerðinni kemur fram að á fyrirhuguðu áhrifasvæði sé nú þegar til staðar vegur, Þingmannaheiðisvegur. Bent skal á að vegur þessi er orðinn afar torfær og mun að óbreyttu með tímanum verða lítt áberandi í umhverfinu.

Mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess

Sterkur rökstuðningur þarf að vera fyrir samfélagslegum hagsmunum í því skyni að afnema friðlýsingu og raska nýju svæði vegna framkvæmda. Í tilfalli Vatnsdalsvirkjunar eru aðrir virkjanakostir á Vestfjörðum á teikniborðinu og a.m.k. þrír kostir eru í mati í 5. áfanga Rammaáætlunar. Á umliðnum árum hefur einnig verið bent á að orkuöryggi Vestfjarðar felst ekki síður í endurskoðun á dreifikerfi raforku í landshlutanum. Þá kemur ekki fram hvort skoðaður hefur verið sá möguleiki að stækka núverandi vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum með það í huga að lágmarka framkvæmdir og rask á lítt eða öröskuðum svæðum.

Vatnsfjörður er friðland með mikið aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu og útivist. Ferjuflutningar yfir Breiðafjörð til Brjánslækjar skipa þar mikilvægt hlutverk. Í ferðaþjónustu og útivist liggja

mikil tækifæri til framtíðar og því felast samfélagslegir hagsmunir í verndun náttúru svæðisins fyrir sunnanverða Vestfirði sem taka þarf tillit til .

Náttúrufræðistofnun telur að ekki hafi verið sýnt á fullnægjandi hátt fram á að brýnir samfélagslegir hagsmunir krefjist þess að nauðsynlegt sé að koma fyrir vatnsaflsvirkjun innan friðlandsins í Vatnsfirði.

Þýðing friðlýsts svæðis í neti verndarsvæða og hvort unnt er að stofna samsvarandi verndarsvæði annars staðar.

Vatnsfjörður er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem er á neti verndarsvæða sem Náttúrufræðistofnun lagði fram árið 2018 með tillögum á B-hluta náttúruminjaskrár (sjá <https://natturuminjaskra.ni.is/>) með áherslu á verndun vistgerða og fugla.

Friðlandið í heild hefur ekki verið skilgreint á neti verndarsvæða. Er það einkum því ekki er til staðar tillaga að neti verndarsvæða fyrir verndun landslags. Þörf er á betri greiningu á landslagi svæðisins en Náttúrufræðistofnun telur afar líklegt að svæðið ætti erindi inn á net verndarsvæða fyrir verndun landslags enda eins áður hefur komið fram er svæðið einstakt í landshlutanum hvað varðar landslag.

Náttúrufræðistofnun telur að ekki sé að finna samsvarandi svæði annars staðar í landshlutanum með því samspili náttúruvarnarsvæða sem einkenna friðland Vatnsfjarðar, og sem gæti komið til greina að vernda í staðinn ef breytingar eru gerðar á reglum friðlandsins sem heimiluðu vatnsaflsvirkjun innan þess.

Út frá lögum um náttúruvernd, verndargildi náttúru friðlands Vatnsfjarðar, samfélagslegum hagsmunum og takmörkuðum möguleika á að friðlýsa „samsvarandi“ svæði á öðrum stað þá er það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að umræddar breytingar á friðlýsingu Vatnsfjarðar myndu hafa mjög mikil neikvæð áhrif á náttúruminjar og landslag friðlandsins. Þá þarf að meta vandlega fordæmisgildi slíkrar ákvörðunar og hvaða afleiðingar það gæti haft á stöðu náttúruverndar á Íslandi.

Náttúrufræðistofnun telur í ljósi þessa ekki við hæfi að litið sé til virkjunarkosta innan friðlands Vatnsfjarðar með tilheyrandi breytingum á reglum þess.

Virðingarfyllt,

Eydís Línal Finnbogadóttir
Forstjóri

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs